

Ed.

517. Frumvarp til laga

[261. mál]

um breyting á lögum nr. 29/1967, um listamannalaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Alþingi veitir árlega fé í fjárlögum til að launa listamenn. Getur það bæði veitt allt að 12 listamönnum ákveðin heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni eina upphæð, sem síðan skal skipt af nefnd sjö manna, kosinni af sameinuðu Alþingi að afloknum alþingiskosningum. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í núgildandi lögum um listamannalaun er ótakmarkaður fjöldi þeirra listamanna, sem heimilt er að skipa í heiðurslaunaflokk. Þykir fara betur á því og veita viðurkenningu þessari aukið gildi, að hámarksfjöldi þeirra, sem heiðurslauna njóta, sé ákveðinn í lögum. Í stað ákvæðisins um heimild til að skipa ótakmörkuðum fjölda listamanna í heiðurslaunaflokk, hefur fjöldi þeirra í þessu frv. verið miðaður við allt að 12 listamenn, en 11 njóta nú þessara launa í fjárlögum fyrir árið 1971.